

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Útvegsmannafélag Norðfjarðar f. h. Bergs Eiríkssonar og Ásgeirs Bergssonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna Jóhanns Sigurðar Jónssonar, kr. 81.18 í orlofsfé ásamt 5% ársvöxtum frá 25. september 1944 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Þorsteins Péturssonar.

Skrifa undir með þeim fyrirvara,

a, ég tel að stefnandi hafi ekki verið ráðinn samkvæmt samningi um hrein hlutaskipti, og þess vegna sé ekki hægt að svipta hann orlofsfé samkvæmt b-lið 1. gr. laga um orlof,

b, og að þátttaka stefnanda vegna hreinsunar báts og veiðarfæra geti enganveginn talizt þátttaka í útgerðarkostnaði, enda hér ekki um annað framlag en vinnu af hálfu stefnanda,

c, þá vil ég benda á, að þótt svo yrði litið á, að stefnandi hafi tekið þátt í útgerðarkostnaði með því að vinna að hreinsun báts og því að koma veiðarfærum fyrir, að lokinni vertíð, þá er þátttaka hans þó mun minni en svonefndur útgerðarkostnaður í félagsdómsmálinu nr. 21/1943, þar sem útgerðarmaður var dæmdur til að greiða fullt orlofsfé.

Með tilvísun til þessa tel ég að taka beri allar kröfur stefnanda til greina.

Þriðjudaginn 17. júlí 1945.

Nr. 3/1945. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn

Félagi kaupsýslumanna í Vestmannaeyjum
(Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um það, hvort tiltekið félagið sé stéttarfélag og hvort því sé rétt að koma fram fyrir hönd félagsmanna vegna kaups og kjara.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefni 9. þ. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga gegn Félagi kaupsýslumanna í Vestmanna-

eyjum. Hafa aðiljar með samningi 5. þ. m. komið sér saman um að leggja undir úrskurð dómsins „Ágreining milli félaganna um það, hvort Verzlunarmannafélagið sé stéttarfélag með rétti til þess samkvæmt lögum nr. 80 frá 1938 að semja um kaup og kjör meðlima sinna við atvinnurekendur og gera kröfur um slíka samninga.“ Jafnframt var samið um það, að hvorugur aðili skyldi krefjast málskostnaðar af hinum í málinu og skyldi hlutkesti ráða, hver yrði stefnandi og kom upp hlutur verzlunarmannafélagsins.

Málavextir eru þeir, að þann 22. júní 1944 var stofnað í Vestmannaeyjum félag verzlunarmanna, er hlaut nafnið Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga. Stofnendur félagsins eru taldir hafa verið 55, allt afgreiðslu- eða skrifstofufólk hjá tilgreindum vinnuveitendum í Vestmannaeyjum. Þegar á stofnfundinum var samþykkt að fela stjórn félagsins að athuga og undirbúa kjarasamninga eða taxa fyrir verzlunarfólk í Vestmannaeyjum. Þann 8. sept. s. á. tilkynnir félagið bréflega Félagi matvörukaupmanna og hverjum einstökum kaupmanni og framkvæmdarstjóra verzlana, sem félagsmenn í verzlunarmannafélaginu unnu hjá, að samþykkt hafi verið í félaginu, að það leitaði samninga um kaup og kjör starfsfólks í verzlunum, og jafnframt er tilkynnt, að kosin hafi verið samninganefnd og hverjir skipi hana og þess óskað af þeim, sem bréfin eru rituð til, að þeir sendi samningamenn til móts við félagið. Þessi málaleitun fékk engar undirtektir og 25. s. m. ritar félagið sömu aðiljum á ný. Vísar félagið til bréfsins frá 8. september, endurtekur ósk sína um samninga og tekur fram, að ef samningaumleitanir hafi ekki hafizt fyrir lok mánaðarins muni félagið gera þær ráðstafanir, er lög heimili í slíkum tilfellum og það telji nauðsynlegar. Þessi málaleitun virðist enn hafa verið virt að vettugi af kaupsýslumönnum.

Næst gerist það, að 5. okt. 1944 stofna kaupsýslumenn með sér félag, er hlaut nafnið Félag kaupsýslumanna í Vestmannaeyjum.

Er nú ekki vítað um frekari aðgerðir af hálfu verzlunarmannafélagsins þar til 10. júní þ. á. En þann dag ritar það sömu aðiljum og 8. og 25. sept. f. á. Er vísað til nefndra bréfa og þess óskað enn á ný, að teknar séu upp við það samningaumleitanir um kaup og kjör verzlunarfólks. Segir í bréfi þessu, að ef svar hafi eigi horizt eða samningar komist á fyrir kl. 18 þann 12. júní s.l. muni félagið „gera allar viðeigandi og

löglegar ráðstafanir, er nauðsynlegar kunna að reynast til að fá samningsrétt vörn viðurkenndan“. Daginn eftir ritar það í fyrsta sinn stefnda. Sendir honum afrit af greindu bréfi frá 10. júní, þar sem gera megi ráð fyrir, að margir eigendur verzlanna séu nú félagsmenn í því félagi. Þá segir í bréfi þessu, að þrátt fyrir það, þó að formaður kaupsýslumannafélagsins hafi „áður neitað að eiga viðræður við oss um kjarasamninga, erum vér enn reiðubúnir til að taka upp samningaumleitanir við yður fyrir hönd þeirra verzlana, sem eru meðlimir félags yðar“.

Þessu bréfi svarar stefndi 12. júní á þá leið, að hann hafi „á s.l. ári samið um kaup og kjör verzlunarfólks hér í Eyjum við Verzlunarmannafélag Vestmannaeyja og þar með viðurkennt það sem réttan aðilja til þeirra samninga“, og vísar þar með á bug umleitun verzlunarmannafélagsins um samninga.

Þann 14. júní s.l. boðar svo verzlunarmannafélagið verkfall hjá stefnda frá og með 22. s. m., ef ekki hafi fyrir þann tíma komið á samningar milli félaganna um kaup og kjör verzlunarfólks, og ítrekar jafnframt enn á ný, að það sé reiðubúið til viðræðna um þessi mál.

Samningaumleitanir hófust hins vegar ekki milli félaganna og kom til verkfalls nefndan dag. Þá voru einnig af hálfu Alþýðusambands Íslands boðuð samúðarverkföll af hálfu annarra félaga gagnvart þeim verzlunarfyrirtækjum, sem Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga hafði gefið alþýðusambandinu upp, og eigi höfðu við félagið samið. Og þann 26. júní boða 4 verklýðsfélög í Vestmannaeyjum, önnur en verzlunarmannafélagið, samúðarvinnustöðvun hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, sem ekki er félagi í Félagi kaupsýslumanna, frá og með 4. þ. m., ef ekki verði þá leyst kjaradeilan milli aðilja máls þessa. Hófst verkfall þann 4. júlí, en áður hafði sáttasemjari reynt að miðla málum, en sú viðleitni leiddi ekki til sáttar.

Þann 5. júlí varð það svo að samkomulagi milli verzlunarmannafélagsins og Félags kaupsýslumanna að leggja undir úrskurð þessa dóms þann ágreining milli félaganna, er að framman getur, og jafnframt var svo um samið að fresta skyldi verkföllunum um tiltekinn tíma, en hefja samningaumleitanir. Var mál þetta síðan höfðað, og hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga sé stéttarfélag með rétti til þess samkvæmt lög-

um nr. 80/1938 að semja um kaup og kjör meðlima sinna við atvinnurekendur og gera kröfur um slíka samninga.

Kröfur stefnda eru hins vegar þær, að dæmt verði, að Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga geti ekki talizt stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938 og að þó svo yrði talið, hefði það þó ekki rétt til þess að gera almenna kröfu til þess, að Félag kaupsýslumanna geri við það samning.

Stefnandi hefur mótmælt, að lagður verði dómur á vara-kröfu stefnda, að svo miklu leyti sem talið yrði, að hún væri viðtækari en samkomulag aðilja um málshöfðun þessa, en til vara hefur hann krafizt sýknu af henni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga sé félag skrifstofu- og afgreiðslufólks í ýmsum fyrirtækjum í Vestmannaeyjum og hafi í samþykktum sínum ákveðið að láta hagsmunamál þess til sín taka. Það hafi þegar eftir stofnun sína hafist handa um þau mál. Sé því ljóst, að það sé stéttarfélag samkv. 1. gr. laga nr. 80/1938. Það eigi því kröfu til þess að koma fram fyrir hönd félagsmanna sinna um kaup og kjör samkvæmt 5. gr. sömu laga og geti gert kröfu til þess, út af fyrir sig, að verða viðurkennt sem samningsaðili, ef sá réttur þess sé véfengdur, en ljóst sé af afstöðu stefnda, að hann hafi einmitt neitað slíkum rétti félagsins, og hafi því ekki komið til álita um einstök samningsatriði.

Andmæli sín gegn því, að Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga sé stéttarfélag, byggir stefndi á því, að samkvæmt 2. gr. samþykktu verzlunarmannafélagsins sé tilgangur félagsins m. a. sá, að fá þá, sem *vinna* að verzlunar- og skrifstofustörfum til þess að gerast félagar í því, og samkvæmt 3. gr. þeirra geti þeir einir fengið inntöku í félagið, sem vinni við verzlunar- og skrifstofustörf. Nú hafi það komið í ljós, að af 66 manns, sem taldir séu félagar, séu alls 28, sem ekki uppfylli þetta skilyrði. Þetta fólk hafi þó gengið til atkvæða um mál-efni félagsins. Af þessu sé ljóst, að félagið uppfylli ekki að þessu leyti skilyrði félagslaganna og geti því félagið ekki verið löglegt stéttarfélag.

Þá heldur stefndi því fram, að þó verzlunarmannafélagið yrði talið stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938, þá hafi það hins vegar skort heimild til þess að haga kröfugerð sinni gagnvart sér á þann hátt, er gert hafi verið. Verzlunarmannafélagið hafi ekki fyrr en eftir að verkfall var byrjað lagt fram samningsuppkast eða gert nokkrar kröfur um kaup og kjör

félagsmanna sinna. Kröfugerð þess, sem feli aðeins í sér almenna kröfu um að stefndi geri við það samning, og eftirfarandi athafnir félagsins hafi því ekki haft við lög að styðjast. Heldur stefndi því fram öðrum þætti, að það mundi hafa skipt máli um viðskipti málsaðilja, ef strax hefðu verið afhentar af hálfu verzlunarmannafélagsins kröfur um kaup og kjör í einstökum atriðum. Auk þessa hafi stefndi þegar á s.l. ári gert kjarasamning við annað félag, Verzlunarmannafélag Vestmannaeyja, og þar með viðurkennt það sem réttan samningsaðilja um kaup og kjör verzlunar- og skrifstofufólks í Vestmannaeyjum.

Stefnandi hefur mótmælt því, að það geti skipt nokkru máli um það, hvort verzlunarmannafélagið sé stéttarfélag eða ekki, þótt þar séu taldir sem félagar ýmsir þeir, sem ekki stundi að staðaldri verzlunar- eða skrifstofustörf. Einnig mótmælir hann því, að þeir séu eins margir og stefndi heldur fram. Þá telur hann það ekki eiga að skipta neinu máli, þótt ekki hafi verið settar fram kröfur um kaup og kjör í einstökum atriðum fyrr en varð, því aðaldeiluefnið hafi ætíð verið það, að stefndi vildi ekki viðurkenna aðild verzlunarmannafélagsins.

Samkvæmt gögnum málsins er Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga stofnað af 55 mönnum og konum, starfandi við verzlunar- eða skrifstofustörf. Í 2. gr. samþykktta þess segir, að tilgangur þess sé „að vinna að hagsmunamálum verzlunar- og skrifstofufólks í Vestmannaeyjum“, en samkvæmt 1. gr. samþykktanna er starfssvæði þess bundið við þann stað. Inntöku í félagið geta þeir fengið, sem vinna við verzlunar- og skrifstofustörf, enda séu þeir eigi atvinnurekendur, og ef félagsmaður gerizt atvinnurekandi missir hann félagsréttindi. Félagið er því löglega stofnað sem stéttarfélag í merkingu 1. gr. laga nr. 80/1938. Af því sem að framan er rakið um athafnir þess frá stofnun þess, sést, að það hefur starfað samkvæmt tilgangi sínum, eins og hann er ákveðinn í samþykktunum, og er ekki vefengt, að af 66 meðlimum, sem nú eru í félaginu, séu a. m. k. 38, sem fullnægja öllum inntökuskilyrðum í það. Er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að það svipti félagið þeim eiginleikum að vera stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938, þótt til félaga þar teljist eitthvað af fólki, sem ekki mundi eiga lögvarinn rétt til inngöngu í það. Þykir því ekki þörf á frekari rannsókn þess, hversu háttað er að þessu leyti högum þeirra 28 félaga, sem stefndi telur vera í félaginu andstætt samþykktum þess, en af stefnanda hálfu er því haldið

fram, að þeir vinni allir eða allflestir að verzlunar- eða skrifstofustörfum að meira eða minna leyti.

Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga er þá eftir framan-sögðu stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 80/1938. Af því leiðir, að það hefur samkvæmt 5. gr. sömu laga rétt til þess að koma fram sem samningsaðilji um kaup og kjör félagsmanna gagnvart atvinnurekendum og getur krafizt slíkra samninga, þar sem það hefur í samþykktum sínum ákveðið að láta þá starfsemi til sín taka, sbr. 2. gr. samþykktu þess, og ráð fyrir því gert í 5. gr. þeirra, að félagið geri samninga við atvinnurekendur. Nú er það ekki véfengt, að hjá félagsmönnum í Félagi kaupsýslumanna starfi fólk, sem er meðlimir í Verzlunarmannafélagi Vestmannaeyinga. Var síðarnefnda félaginu því rétt að heina kröfu um kjarasamning til stefnda, og gat sú krafa miðast við það eitt, að verzlunarmannafélagið væri viðurkennt sem samningsaðilji fyrir hönd félagsmanna þess, ef sá réttur þess var ekki viðurkenndur. En af gögnum málsins og skýrslum stefnda er ljóst, að neitun hans um samninga byggist fyrst og fremst á því, að verzlunarmannafélagið sé ekki að lögum réttur samningsaðili um kaup og kjör félagsmanna þess. Samningur stefnda við annað félag, Verzlunarmannafélag Vestmannaeyja, getur ekki útilokað samningsaðild Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga fyrir hönd félagsmanna sinna.

Samkvæmt framsögðu ber að taka dómkröfur stefnanda að öllu leyti til greina.

Þar sem samið var um að krefjast ekki málskostnaðar fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga er stéttarfélag með rétti til þess samkvæmt lögum nr. 80/1938 að semja um kaup og kjör félagsmanna sinna við atvinnurekendur og gera kröfu um slíka samninga.

Málskostnaður fellur niður.